

Ættarútilega og sprell 2011



This songbook was generated at www.guitarparty.com

Table of contents

Aravísur	4
Bíddu pabbi	4
Danska lagið	4
Einu sinni átti ég hest	5
Fatlafól	5
Fram í heiðanna ró	5
Frost er úti fuglinn minn	6
Frystikistulagið	6
Hallelujah	6
Hryssan mín blá	7
Kveikjum eld	7
Kvöldið er fagurt	7
Kvöldsigling	8
Kötukvæði	8
Litla flugan	8
Maístjarnan	8
Minning um mann	9
Rangur Maður	9
Ríðum heim til Hóla	9
Sigling(Blítt og létt)	10
Stál og hnífur	10
Söknuður	10
Traustur vinur	10
Vegbúinn	11
Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig	11
Vertu til er vorið kallar á þig	11
Viltu með mér vaka í nótt	11
Vor við sæinn	11
Vor í Vaglaskógi	12
Vísur Vatnsenda-Rósu	12
Yesterday	12

Á Sprengisandi	12
Álfareiðin	13
Ég er kominn heim	13
Ég er sko vinur þinn	13
Ég sé um hestinn	14
Í Hlíðarendakoti	14
Ó, Jósep, Jósep	14
Ó, María mig langar heim	14
Óbyggðirnar kalla	15
Þytur í laufi	15

Aravísur

Song by: Ingibjörg Þorbergs
Lyrics by: Stefán Jónsson
Artists: Bessi Bjarnason

Hann Ari er lítill, hann er átta ára trítill
með augu svo falleg og skær.
Hann er bara sætur,
jafnvel eins, er hann grætur
og hugljúfur þegar hann hlær.

En spurningum Ara er ei auðvelt að svara:
Mamma af hverju er himininn blár?
Sendir Guð okkur jólin?
Hve gömul er sólin?
Pabbi, því hafa hundarnir hár?

Bæði pabba og mömmu og afa og ömmu
þreytir endalaust spurninga suð:
Hvar er sólin um nætur?
Því er sykurinn sætur?
Afi, gegndu, hver skapaði Guð?

Hvar er heimsendir amma?
Hvað er eilífðin, mamma?
Pabbi, af hverju vex á þér skegg?
Því er afi svo feitur?
Því er eldurinn heitur?
Því eiga ekki hanarnir egg?

Það þykkar í Ara, ef þau ekki svara
og þá verður hann ekki rór,
svo heldur en þegja,
þau svara og segja:
Þú veist það, er verðurðu stór.

Fyrst hik er á svari, þá hugsar hann Ari
og hallar þá kannski undir flatt
og litla stund þegir,
að lokum hann segir:
Þið eigið að segja mér satt.

Bíddu pabbi

Song by: Geoff Stevens ásamt fleirum.
Lyrics by: Iðunn Steinsdóttir
Artists: Vilhjálmur Vilhjálmsson

Í hinsta sinn að heiman lágu spor mín,
Því ég hamingjuna fann ei lengur þar.
Og hratt ég gekk í fyrstu, uns ég heyrði fótatak
Og háum rómi kallað til mín var, kallað:

Bíddu pabbi, bíddu mín,
Bíddu, því ég kem til þín.
Æ, ég hljóp svo hratt,

að ég hrasaði og datt.
Bíddu pabbi, bíddu mín.

Ég staðar nam og starði á dóttur mína,
Er þar stautaði til mín svo hýr á brá,
Og mig skorti kjark til að segja henni,
að bíllin biði mín að bera mig
um langveg henni frá. Hún sagði:

Bíddu pabbi, bíddu mín,
Bíddu, því ég kem til þín.
Æ, ég hljóp svo hratt,
að ég hrasaði og datt.
Bíddu pabbi, bíddu mín.

Ráðvilltur ég stóð um stund og þagði,
En af stað svo lagði aftur heim á leið.
Ég vissi að litla dóttir mín
hún myndi hjálpa mér
Að mæta vanda þeim
sem heima beið. Hún sagði:

Bíddu pabbi, bíddu mín,
Bíddu, því ég kem til þín.
Æ, ég hljóp svo hratt,
að ég hrasaði og datt.
Bíddu pabbi, bíddu mín.

Danska lagið

Song by: Eyjólfur Kristjánsson
Lyrics by: Eyjólfur Kristjánsson
Artists: Bítlavinafélagið

Manstu fyrir langa löngu?
Við sátum saman í skólaföstu.
Ég dáði þig en þú tókst ekki eftir mér,
ekki frekar en ég væri krækiber.
Þú varst alltaf best í dönsku,
það fyllti hinar stelpurnar vonsku,
þegar kennarinn kallaði á þig til sín
og lét þig syngja á dönsku fyrir okkur hin.
Ó, ég mun aldrei gleyma,
hve fallega þú söngst, þú söngst:

"Der bor en bager på Nørregade.
Han bager kringler og julekage.
Han bager store, han bager små
han bager nogle med sukker på
og i hans vindu' er sukker sager
og heste grise og peberkager
og har du penge så kan du få
men har du ingen så kan du gå."

Og svo mörgum árum seinna,
þá lágu leiðir okkar beggja
til útlanda þar sem fórum við í háskóla
við lærðum söng og héldum sAman tónleika.

Og eina stjörnu bjarta kvöldstund,
 ég kraup á kné, ó, hve nett var þín hönd,
 þú sagðir: "Já", kysstir mig og nú erum við hjón
 og eigum litla Gunnu og lítinn Jón.
 en ég mun aldrei gleyma,
 hve fallega þú söngst, þú söngst:

"Der bor en bager på Nørregade.
 Han bager kringler og julekage.
 Han bager store, han bager små
 han bager nogle med sukker på
 og i hans vindu' er sukker sager
 og heste grise og peberkager
 og har du penge så kan du få
 men har du ingen så kan du gå."

"Der bor en bager på Nørregade.
 Han bager kringler og julekage.
 Han bager store, han bager små
 han bager nogle med sukker på
 og i hans vindu' er sukker sager
 og heste grise og peberkager
 og har du penge så kan du få
 men har du ingen så kan du gå."

"Der bor en bager på Nørregade.
 Han bager kringler og julekage.
 Han bager store, han bager små
 han bager nogle med sukker på
 og i hans vindu' er sukker sager
 og heste grise og peberkager
 og har du penge så kan du få
 men har du ingen så kan du gå."

"Der bor en bager på Nørregade.
 Han bager kringler og julekage.
 Han bager store, han bager små
 han bager nogle med sukker på
 og i hans vindu' er sukker sager
 og heste grise og peberkager
 og har du penge så kan du få
 men har du ingen så kan du gå."

Einu sinni átti ég hest

Einu sinni átti ég hest
 ofurlítið skjóttan,
 það var sem mér þótti verst
 þegar dauðinn sótt ann.

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
 Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa.

Einu sinni átti ég hest
 ofurlítið rauðann,
 það var sem mér þótti verst

þegar mamma sauð ann.

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
 Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa.

Einu sinni átti ég hest
 ofurlítið bleikan,
 það var sem mér þótti verst
 þegar merin sveik ann.

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
 Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa.

Einu sinni átti ég hest
 alsettan með röndum
 það var sem mér þótti verst
 þegar hann stóð á höndum.

Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa
 Úmbarassa, úmbarassa, úmbarassasa.

Einu sinni átti ég hest
 undan henni Distu
 núna á ég hrossakjöt,
 ofan í frystikistu.

Fatlafól

Song by: Megas
 Lyrics by: Megas
 Artists Bubbi Morthens ásamt fleirum.

Ég þekkti einu sinni fatlafól
 sem flakkaði um á hjólastól
 með bros á vör en berjandi þó lómínn.
 Hann ók loks í veg fyrir val tara
 og varð að klessu - ojbara.
 Þeir tóku hann upp með kíttsipaða
 og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

Fatlafól, fatlafól,
 flakkandi um á tíu gíra spítthjólastól.
 Ók loks í veg fyrir val tara
 og varð að klessu - ojbara.
 Þeir tóku hann upp með kíttsipaða
 og sett'ann beint á sjónminjasafnið.

Fram í heiðanna ró

Song by: Daniel E. Kelley
 Lyrics by: Friðrik A. Friðriksson
 Artists KK ásamt fleirum.

Fram í heiðanna ró
 fann ég bólstað og bjó,
 þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
 Þar er vistin mér góð,
 aldrei heyrðist þar hnjóð,

Þar er himinninn víður og tær.

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.

Mörg hin steinhljóðu kvöld,
upp í stjarnanna fjöld
hef ég starað í spyrjandi þrá:
Mundi dýrðin í geim
bera' af dásemdum þeim,
sem vor draumfagri jarðheimur á?

Heiðarból ég bý.
Þar sem birkið og fjalldrapinn grær.
Þar er vistin mér góð,
aldrei heyrðist þar hnjóð,
Þar er himinninn víður og tær.
Þar er himinninn víður og tær.

Frost er úti fuglinn minn

ArtistsMaría Björk Sverrisdóttir

Frost er úti fuglinn minn
ég finn hvað þér er kalt.
Nærðu engu í nefið þitt
því nú er frosið allt.
En ef þú bíður augnablik
ég ætla að flýta mér
og biðja hana mömmu mína
um mylsnu handa þér.

Frystikistulagið

Song by: Sveinbjörn Grétarsson
Lyrics by: Sveinbjörn Grétarsson
ArtistsGreifarnir

Ég vaknaði á sunnudagsmorguninn
og sá þá allt í nýju ljósi.
Hún lá þarna við hliðina á mér blessunin
og minnti mig á belju í fjósi.

Ég ákvað þarna um morguninn að kál'enni
og velti henni því á bakið.
Tók og snéri upp á hausinn á henni
og vafð'ana svo inn í lakið.

Já það er gott að vera laus við þess leiðinda tík
Hvað á ég nú að gera við þetta lík.

Ég sett'ana ofan í frystikistu saman við brauð
en þegar ég ætlaði að loka.
Þá hreyfð'ún sig hún var víst ekki allveg dauð
svo ég ákvað þarna aðeins að doka.

Hausinn á henni hann var hálfur af
og á hana skelfdur ég starði.
Hún lá þarna í pörtum ég get svarið það
Til öryggis ég í hana barði.

Hún öskraði og kom þar með upp um sig
augun voru stjörf af ótta.
Hún bað mig að hætta, já hún grátbað mig
og reyndi svo að leggja á flóttu.

En ég var sneggri og greip í hennar hár
og í það fast ég rykkti.
Dró hana til mín lipur og frá
Náði ég henni og kyrkti.

Já það er gott að vera laus við þetta leiðinda skass
Hvað á ég nú að gera við þetta hláss.

Oj bara, oj bara, oj bara ullabjakk.
Oj bara, oj bara, oj bara ullabjakk.
Oj bara, oj bara, oj bara ullabjakk.
Oj bara, oj bara, oj bara ullabjakk.

Þá dyrabjallan hringdi og mér dauðbrá
Hvað átti ég nú að gera.
Ég strunsaði út að glugganum og þá ég sá
að þetta myndi lögreglan vera.
Ég ákvað í flýti að fela mig
og fór ofan í frystikistu.
Þarna myndi löggan aldrei finna mig
Allavega ekki í fyrstu.

Þá allt í einu mundi ég þar sem ég lá
að fjandans frystikistan var læst utanfrá.

Hallelujah

Song by: Leonard Cohen
Lyrics by: Leonard Cohen
ArtistsJeff Buckley

I heard there was a secret chord
That David played and it pleased the Lord
But you don't really care for music, do you?
Well it goes like this the fourth, the fifth
The minor fall and the major lift
The baffled king composing hallelujah

Hallelujah, hallelujah,
hallelujah, hallelu-u-u-u-jah

Well your faith was strong but you needed proof
You saw her bathing on the roof
Her beauty and the moonlight overthrew you
She tied you to her kitchen chair
She broke your throne and she cut your hair
And from your lips she drew the hallelujah

Hallelujah, hallelujah,
hallelujah, hallelu-u-u-u-jah

Baby I've been here before
I've seen this room and I've walked this floor
I used to live alone before I knew you
I've seen your flag on the marble arch
But love is not a victory march
It's a cold and it's a broken hallelujah

Hallelujah, hallelujah,
hallelujah, hallelu-u-u-u-jah

Well, there was a time when you let me know
What's really going on below
But now you never show that to me do you?
But remember when I moved in you
And the holy dove was moving too
And every breath we drew was hallelujah

Hallelujah, hallelujah,
hallelujah, hallelu-u-u-u-jah

Well, maybe there's a God above
But all I've ever learned from love
Was how to shoot somebody who outdrew you
It's not a cry that you hear at night
It's not somebody who's seen the light
It's a cold and it's a broken hallelujah

Hallelujah, hallelujah,
hallelujah, hallelu-u-u-u-jah

Hallelujah, hallelujah,
hallelujah, hallelu-u-u-u-jah

Hryssan mín blá

Song by: Bjarni Hafþór Helgason
Lyrics by: Bjarni Hafþór Helgason
ArtistsSkriðjöklnir ásamt fleirum.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
en verðum alltaf þeim frá, já.

Manstu mín kæra gresjurnar
Akrafjöllin, Esjurnar?
Já, manstu'er við riðum dalina
og alla fjallasalina?

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
en verðum alltaf þeim frá, já.

Manstu'er við hittum Rauð á Stöng
og þú heyrðir svanasöng?
En folaldið hvíta seinna varð
úti við Svartaskarð.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
en verðum alltaf þeim frá, já.

Þegar ég lít á farinn veg
heillar mig minningin,
þökkuð er sambúð yndisleg
og líka viðkynningin.

Hryssan mín blá, hryssa, hryssa blá
segðu þeim okkar ævintýrum frá,
sjaldan við vorum heimaslóðum á
en verðum alltaf þeim frá, já.

Kveikjum eld

Song by: Oddgeir Kristjánsson
Lyrics by: Árni úr Eyjum
ArtistsÁrni úr Eyjum

Kveikjumeld, kveikjum eld,
kátt hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
syngjum dátt.

Örar blóð, örar blóð
um æðar rennur.
Blikar glóð, blikar glóð,
brestur hátt.

Hæ, bálið brennur,
bjarma á kinnar slær.
Að logum leikur
ljúfasti aftanblær.

Kveikjum eld, kveikjum eld,
kátt hann brennur.
Sérhvert kveld, sérhvert kveld,
syngjum dátt.

Kvöldið er fagurt

Song by: Enskt þjóðlag
Lyrics by: Ingólfur Þorsteinsson
ArtistsÝmsir

Kvöldið er fagurt sól er sest
og sefur fugl á grein.
Við skulum koma vina mín
og vera saman ein.

Ég þekki fagran lítinn lund

hjá læknum upp við foss
þar sem glóa gullin blóm
þú gefur heitan koss.

Þú veist að öll mín innsta þrá
er ástarkossinn þinn.
Héðan af aðeins yndi ég
í örmum þínum finn.

Ég leiði þig í lundinn minn
mín ljúfa, komdu nú.
Jörðin þó eigi ótal blóm
mín eina rós ert þú.

Kvöldsigling

Song by: Gísli Helgason
Lyrics by: Jón Sigurðsson
ArtistsGísli Helgason

Bátur líður út um Eyjasund,
enn er vor um haf og land,
syngur blærinn einn um aftanstund,
aldan niðar blítt við sand.

Ævintýrin eigum ég og þú,
ólgar blóð og vaknar þrá.
Fuglar hátt á syllum byggja þú,
bjartar nætur vaka allir þá.

Hvað er betra en vera ungur og ör,
eiga vonir og æskufjör?
Geta sungið, lifað leikið sér
létt í spori hvar sem er
og við öldunið um aftanstund
eiga leyndarmál og ástarfund,
eiga leyndarmál og ástarfund.

Kötukvæði

Song by: Will Grosz
Lyrics by: Sigurður Ágústsson frá Birtingarholti
ArtistsKK ásamt fleirum.

Það var um kvöld eitt að Kötu ég mætti.
Hún var að koma af engjunum heim.
Það var í ágúst að áliðnum slætti
og nærri aldimmmt á kvöldunum þeim.

Hún var svo ung eins og angandi rósir.
Ég hafði aldrei séð hana fyrr.
Um vanga dönsuðu lokkarnir ljósir
og augun leiftruðu þögn og kyrr.

Hlýtt ég tók í hönd á Kötu,
horfði' í augun djúp og blá.
Gengum síðan burt af götu,
geymdi okkur náttmyrkrið þá.

En þegar eldaði aftur og birti
í hjarta ákafan kenndi ég sting.
Og fyrir augum af angist mig syrti.
Hún var með einfaldan giftingarhring.

Hún var með einfaldan giftingarhring.

Litla flugan

Song by: Sigríus Halldórsson
Lyrics by: Sigurður Elíasson
ArtistsBjörgvin Halldórsson

Lækur tifar létt um máða steina.
Lítill fjóla grær við skriðufót
Bláskel liggur brotin milli hleina.
Í bænum hvílir íturvaxin snót.
Ef ég væri orðinn lítill fluga,
Ég inn um gluggann þreytti flugið mitt,
og þó ég ei til annars mætti duga,
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt
ég eflaust gæti kitlað nefið þitt.

Maístjarnan

Song by: Jón Ásgeirsson
Lyrics by: Halldór Kiljan Laxness
ArtistsEdda Heiðrún Bachman

Ó hve létt er þitt skóhljóð
og hve lengi ég beið þín,
það er vorhret á glugga,
napur vindur sem hvín,
en ég veit eina stjörnu
eina stjörnu sem skín,
og nú loks ertu komin,
þú ert komin til mín.

Það eru erfiðir tímar,
það er atvinnupref,
ég hef ekkert að bjóða,
ekki ögn sem ég gef,
nema von mína og líf mitt
hvort ég vaki eða sef
þetta eitt sem þú gafst mér
það er allt sem ég hef.

En í kvöld líkur vetri
sérhvers vinnandi manns,
og á morgun skín maísól,
það er maísólin hans,
það er maísólin okkar,
okkar einingarbands,
fyrir þér ber ég fána
þessa framtíðarlands.

Minning um mann

Song by: Gylfi Ægisson
Lyrics by: Gylfi Ægisson
ArtistsLogar

Nú ætla ég að syngja ykkur lítið fallett ljóð
um ljúfan dreng sem fallinn er nú frá,
um dreng sem átti sorgir en ávallt samt þó stóð
spertur þó að sitthvað gengi á.

Í kofaskrifli bjó hann, sem lítinn veitti yl,
svo andvaka á nóttum oft hann lá.
Þá Portúgal hann teygði, það gerði ekkert til,
það tókst með honum yl í sig að fá.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Börnum var hann góður, en sum þó hræddust hann,
þau hæddu hann og gerðu að honum gys.
Þau þekktu ei, litlu greyin, þennan mæta mann,
margt er það sem börnin fara á mis.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Munið þið að dæma ei eftir útlitinu menn,
en ýmsum yfir þessa hluti sést.
En til er það að flagð er undir fögru skinni enn,
fegurðin að innan þykir best.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Nú ljóðið er á enda um þennan sómasvein,
sem að þráði brennivín úr stæ.
Hann liggur nú á kistubotni og lúin hvílir bein
í öskuhrúgu í Vestmannaeyjabæ.

Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.
Þið þekktuð þennan mann, þið alloft sáuð hann.
drykkjuskap til frægðar sér hann vann.

Rangur Maður

Song by: Sólstrandargæjarnir
Lyrics by: Sólstrandargæjarnir
ArtistsSólstrandargæjarnir

Af hverju get ég ekki
lífað eðlilegu lífi

Af hverju get ég ekki
lífað business lífi
keypt mér húsbíl og íbúð

Af hverju get ég ekki
gengið menntavegin
þangað til að ég æli

Af hverju get ég ekki
gert neitt af viti
af hverju fæddist ég loser

Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi
Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi

Af hverju er lífið svona ömurlegt
ætli það sé skárri í Zimbabwe

Af hverju var ég fullur á virkum degi
af hverju mætti ég ekki í tíma

Af hverju get ég ekki
byrjað í íþróttum
og hlaupið um eins og asni

Af hverju get ég ekki
verið jafn hamingjusamur
og Sigga og Grétar í Stjórninni

Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi
Ég er rangur maður á röngum tíma
í vitlausu húsi

Ríðum heim til Hóla

Song by: J. C. Gebauer
Lyrics by: Guðmundur Guðmundsson
ArtistsStóru Börnin

Ríðum heim til Hóla.
Pabba kné er klárinn minn,
kistill mömmu fákur þinn.
Ríðum heim til Hóla.

Ríðum út að Ási.
Ef við höfum hraðan á
háttum þar við skulum ná.
Ríðum út að Ási.

Ríðum heim að Hofi.
Senn er himni sólin af,
sigin ljós í vesturhaf.
Ríðum heim að Hofi.

Sigling (Blítt og létt)

Song by: Oddgeir Kristjánsson
Lyrics by: Arni úr Eyjum
ArtistsKK ásamt fleirum.

Blítt og létt, báran skvett,
bátum gefur,
ljúfur blær landi fjær
leiðir gnoð.

Ekkert hik, árdagsblik
örnum vefur
hlíð og grund, haf og sund,
hvíta voð.

Hæ, skútan skriður,
skínandi yfir sæ
Sem fugl á flugi
ferskum í sunnanblæ.

Blítt og létt báran skvett
bátum gefur.
ljúfur blær landi fjær
leiðir gnoð.

Stál og hnífur

Song by: Bubbi Morthens
Lyrics by: Bubbi Morthens
ArtistsBubbi Morthens

Þegar ég vaknaði um morguninn,
er þú komst inn til mín.
Hörund þitt eins og silki,
andlitið eins og postulín

Við bryggjuna bátur vaggar hljótt
í nótt mun ég deyja.
Mig dreymdi dauðinn sagði: "Komdu fljótt,
það er svo margt sem ég ætla þér að segja."

Ef ég drukna, drukna í nótt,
ef þeir mig finna.
Þú getur komið og mig sótt,
þá vil ég á það minna.

Stál og hnífur er merkið mitt,
merki farandverkamanna.
Þitt var mitt og mitt var þitt
meðan ég bjó á meðal manna.

Söknuður

Song by: Jóhann Helgason
Lyrics by: Vilhjálmur Vilhjálmsson
ArtistsVilhjálmur Vilhjálmsson

Mér finnst ég varla heill né hálfur maður
og heldur ósjálfbjarga, því er ver.
Ef værir þú hjá mér, vildi ég glaður
verða betri en ég er.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Við gætum sungið, gengið um,
gleymt okkur hjá blómumum.
Er rökkvar ráðið stjörnumál.
Gengið saman hönd í hönd,
hæglát farið niður á strönd.
Fundu stað, sameinað beggja sál.

Horfið er nú sumarið og sólin,
Í sálu minni hefur gríma völd.
Í æsku léttu ís og myrkur jólin;
nú einn ég sit um vetrarkvöld.

Eitt sinn verða allir menn að deyja.
Eftir bjartan daginn kemur nótt.
Ég harma það, en samt ég verð að segja,
að sumarið líður allt of fljótt.

Ég gái út um gluggann minn
hvort gangir þú um hliðið inn.
Mér alltaf sýnist ég sjái þig.
Ég rýni út um rifurnar.
Ég reyndar sé þig alls staðar.
Þá napurt er, það næðir hér
og nístir mig.

Traustur vinur

Song by: Jóhann G. Jóhannsson
Lyrics by: Jóhann G. Jóhannsson
ArtistsUpplyfting

Enginn veit fyrr en reynir á
hvort vini áttu þá.
Fyrirheit gleymast þá furðu fljótt
þegar fellur á niðimm nótt.

Já sagt er að, þegar af könnunni ölið er
fljótt þá vinurinn fer.
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun
fyrir þína hönd Guði sé laun.

Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu
sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert

kraftaverk.

Mér varð á, og þungan dóm ég hlaut
ég villtist af rétttri braut.
Því segi ég það, ef þú átt vin í raun.
Fyrir þína hönd Guði sé laun.

Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu
sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert
kraftaverk.

Því stundum verður mönnum á
styrka hönd þeir þurfa þá
þegar lífið, allt í einu
sýnist einskisvert.
Gott er að geta talað við
einhvern sem að skilur þig.
Traustur vinur getur gert
kraftaverk.

Vegbúinn

Song by: KK
Lyrics by: KK
ArtistsKK

Þú færð aldrei að gleyma
þegar ferð þú á stjá.
Þú átt hvergi heima
nema veginum á.

Með angur í hjarta
og dirfskunnar móð
þú ferð þína eigin,
ótroðnu slóð.

Vegbúi, sestu mér hjá.
Segðu mér sögur,
já, segðu mér frá.
Þú áttir von,
nú er vonin farin á brott
flogin í veg.

Eitt er að dreyma
og annað að þrá.
Þú vaknar að morgni
veginum á.

Vegbúi, sestu mér hjá.
Segðu mér sögur,
já, segðu mér frá.
Þú áttir von,
nú er vonin farin á brott

flogin í veg.

Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig

Song by: J. MacCarty
Lyrics by: Jón Sigurðsson
ArtistsSixties

Vertu ekki að horfa svona alltaf á mig,
ef þú meinar ekki neitt með því.
Ef lagleg mey mig lífur á,
ég lítið get ekki upp
og roðna alveg niður í tá.
Og ef ég verð í einni skotinn,
ég aldrei þori að segja nokkurt orð.
En leynda ósk, ég ætla að segja þér,
að þú viljir reyna að kenna mér.
Því ertu að horfa svona alltaf á mig,
ef þú meinar ekki neitt með því?

Vertu til er vorið kallar á þig

Song by: B. Rubaschkin
Lyrics by: Tryggvi Þorsteinsson
ArtistsBarnakór Guðrúnar Árnadóttur

Vertu til, er vorið kallar á þig,
vertu til að leggja hönd á plóg.

Komdu út, því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka, rækta nýjan skóg.

Komdu út, því að sólskinið vill sjá þig
sveifla haka, rækta nýjan skóg.

Viltu með mér vaka í nótt

Song by: Hendrik Konrad Rasmus
Lyrics by: Valborg Bentsdóttir
ArtistsHermann Jónsson

Viltu með mér vaka' í nótt?
Vaka' á meðan húmið hljótt
leggst um lönd og sæ,
lifnar fjör í bæ?
Viltu með mér vaka' í nótt?

Vina mín kær,
vonglaða mær,
ætið ann ég þér.
Ást þína veittu mér
aðeins þessa einu nótt.

Vor við sæinn

Song by: Oddgeir Kristjánsson
Lyrics by: Árni úr Eyjum
ArtistsGrettir Björnsson

Bjartar vonir vakna
í vorsins ljúfa blæ,
bjarmar yfir björgum
við bláan sæ.
Fagur fuglasöngur
nú fyllir loftin blá,
brjóstin ungu bifast
af blíðri þrá.

Í æðum ólgar blóð
í aftansólar glóð,
ég heyri mildan hörpuslátt.
Ég heyri huldumál,
er heilla mína sál
við hafið svalt og safirblátt.

Komdu vina kæra,
ó, komdu út með sjó,
bylgjur klettinn kyssa
í kvöldsins ró.
Viltu með mér vaka,
þú veist ég elska þig.
Komdu vina kæra,
og kysstu mig.

Vor í Vaglaskógi

Song by: Jónas Jónasson
Lyrics by: Kristján frá Djúpalæk
ArtistsHljómsveit Ingimars Eydal

Kvöldið er okkar og vor um Vaglaskóg.
Við skulum tjalda í grænum berjamó .
Leiddu mig vinur í lundinn frá í gær.
Lindin þar niðar og birkihríslan grær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rósum
leikur í ljósum, lokkum hinn vaggandi blæ.

Daggperlur glitra um dalinn færast ró
draumar þess rætast er gistir Vaglaskóg .
Kveldrauðu skini á krækilyngið slær.
Kyrrðin er friðandi mild og angurvær.

Leikur í ljósum, lokkum og angandi rósum
leikur í ljósum, lokkum hinn fagnandi blær.

Vísur Vatnsenda-Rósu

Song by: Jón Ásgeirsson
Lyrics by: Rósa Guðmundsdóttir
ArtistsRósa Guðmundsdóttir

Augun mín og augun þín.
Ó þá fögru steina.
Mitt er þitt og þitt er mitt,

þú veist hvað ég mei- na.

Langt er síðan sá ég hann
sannlega friður var hann.
Allt sem prýða má einn mann,
mest af lýðum bar hann.

Þig ég trega manna mest,
mædd af tára flóði.
Ó, að við hefðum aldrei sést
elsku vinurinn gó- ði.

Yesterday

Song by: John Lennon ásamt fleirum.
Lyrics by: John Lennon ásamt fleirum.
ArtistsThe Beatles

Yesterday, all my troubles
seemed so far away,
Now it looks as though they're here to stay,
Oh, I believe in yesterday.

Suddenly, I'm not half the man
I used to be,
There's a shadow hanging over me,
Oh, yesterday came suddenly.

Why she had to go,
I don't know, she wouldn't say.
I said something wrong,
Now I long for yesterday.

Yesterday, love was such an easy
game to play,
Now I need a place to hide away,
Oh, I believe in yesterday.

Why she had to go,
I don't know, she wouldn't say.
I said something wrong,
Now I long for yesterday.

Yesterday, love was such an easy
game to play,
Now I need a place to hide away,
Oh, I believe in yesterday.

Mmm, mm, mm, mm, mm mm.

Á Sprengisandi

Song by: Sigvaldi Kaldalóns
Lyrics by: Grímur Thomsen
ArtistsIslandica

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rennur sól á bak við Arnarfell.

Hér á reiki' er margur óhreinn andinn
úr því fer að skyggja á jökulsvell.

Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.
Drottinn leiði drösulinn minn,
drjúgur verður síðasti áfanginn.

Þei þei, þei þei. Þaut í holti tófa,
þurran vill hún blóði væta góm,
eða líka einhver var að húa
undarlega digrum karlaróm.

Útilegumenn í Ódádahraun
eru kannski' að smala fé á laun.
Útilegumenn í Ódádahraun
eru kannski' að smala fé á laun.

Ríðum, ríðum, rekum yfir sandinn,
rökkrið er að síga' á Herðubreið.
Álfadrotting er að beisla gandinn,
ekki' er gott að verða' á hennar leið.

Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.
Vænsta klárinn vildi' ég gefa til
að vera kominn ofan í Kiðagil.

Álfareiðin

Song by: H. Heide
Lyrics by: Jónas Hallgrímsson
ArtistsLárus Pálsson

Stóð ég úti' í tunglsljósi, stóð ég út við skóg,
stórir komu skarar, af álfum var þar nóg,
blésu þeir í sönglúðra' og bar þá að mér fljótt
og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt,
og bjöllurnar gullu á heiðskírri nótt.

Hleyptu þeir á fannhvítum hestum yfir grund,
hornin jóa gullroðnu bliku við lund,
eins og þegar álfir af ísa grárrí spöng
fljúga suður heiði með fjaðrapyt og söng,
fljúga suður heiði með fjaðrapyt og söng.

Heilsaði' hún mér drottningin og hló að mér um leið,
hló að mér og hleypti hestinum á skeið.
Var það út af ástinni ungu, sem ég ber?
Eða var það feigðin, sem kallar að mér?
Eða var það feigðin, sem kallar að mér?

Ég er kominn heim

Song by: S. Hamblen
Lyrics by: Loftur Guðmundsson
ArtistsKK ásamt fleirum.

Hér stóð bær með burstir fjórar,
hér stóð bær á lágum hól.
Hér stóð bær, sem bernskuminning
vefur bjarma af morgunsól.
Hér stóð bær með blóm á þekju,
hér stóð bær með veðruð þil.
Hér stóð bær og veggjabrotin
ennþá ber við lækjargil.

Ég er kominn heim í heiðardalinn,
ég er kominn heim með slitna skó.
Kominn heim að heilsa mömmu,
kominn heim í leit að ró.
Kominn heim til að hlusta á lækinn
sem hjalar við mosatö.
Ég er kominn heim í heiðardalinn,
ég er kominn heim með slitna skó.

Ég er sko vinur þinn

Song by: Randy Newman
Lyrics by: Randy Newman
ArtistsToy Story

Ég er sko vinur þinn
Langbesti vinur þinn.
Gangi illa fyrir þér
allt á skakk og skjön
hvert sem litið er.
Þá skaltu muna vísdóms orð frá mér
að ég er vinur þinn.
Já, ég er vinur þinn.

Ég er sko vinur þinn.
Langbestivínur þinn
Þér leiðist margt.
Sama segi ég,
Já tilveran er ekki alltaf dásamleg.
Þá skaltu muna vísdóms orð frá mér
að ég er vinur þinn.
Já, ég er vinur þinn.

Það eru ýmsir vafalaust
greindari en ég.
Líka stærri en ég.
Kannski hjá engum öðrum þá vináttan
Jafn innileg á allan veg, já.

Þó líði ár og öld
mun vináttan enn við völd.
Þú færð að finna það, drengur minn,
að ég er vinur þinn.
Já, ég er vinur þinn,
langbesti vinur þinn.

Ég sé um hestinn

Song by: Jerry House
Lyrics by: Rúnar Júlíusson
ArtistsSkriðjöklarnir

Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn.
Við skulum hleypa á skeið.
Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn.
Við skulum fara í útreið reið.

Út í myrkrið, meðfram ánni,
fram hjá hunangshlóðunni
við munum ríða, en sú blíða,
þar til örlar á dagsbirtunni.

Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn.
Við skulum hleypa á skeið.
Ég sé um hestinn, þú sérð um hnakkinn.
Við skulum fara í útreið reið.

Í Hlíðarendakoti

Song by: Friðrik Bjarnason
Lyrics by: Þorsteinn Erlingsson
ArtistsEgill Ólafsson

Fyrr var oft í koti kátt,
krakkar léku saman.
Þar var löngum hlegið hátt
hent að mörgu gaman.
Úti um stéttar urðu þar
einatt skrítnar sögur.
Þegar saman safnast var
sumarkvöldin fögur.

Eins við brugðum okkur þá
oft á milli bæja.
Til að kankast eithvað á
eða til að hlæja.
Margt eitt kvöld og margan dag
máttum við í næði.
Æfa saman eitthvert lag
eða syngja kvæði.

Bænum mínum heima hjá,
Hlíðar brekku undir.
Er svo margt að minnast á,
margar glaðar stundir.
Því vill hvarfla hugurinn,
heillavinir góðir.
Heim í gamla hópinn minn,
heim á fornar slóðir.
Ó, Jósep, Jósep, bágð á ég að bíða
og bráðum hvarma mína fylla tár,
því fyrr en varir æskuárin líða

Ó, Jósep, Jósep

Song by: Saul Chaplin
Lyrics by: Skafti Sigbórsson
ArtistsKK ásamt fleirum.

og ellin kemur með sín gráu hár.
Ég spyr þig, Jósep, hvar er karlmannslundin
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Ó, Jósep, Jósep, láttu bílinn bruna
og byrjaðu sem fyrst að trukka mig.
Við keyrum út í græna náttúruna,
sem gerir viðkvæm bæði mig og þig.
Ó, Jósep, Jósep, hvar er karlmannslundin
og kjarkur sá er prýðir hraustan mann.
Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Hvenær má ég klerkinn panta,
kjarkinn má ei vanta,
Jósep, Jósep, nefndu daginn þann.

Ó, María mig langar heim

Song by: Tills Wilkins
Lyrics by: Ólafur Gaukur Þórhallsson
ArtistsÝmsir

Hann sigldi út um höfin blá í 17 ár
og sjómennsku kunnir hann upp á hár,
Hann saknaði alla tíð stúlkunnar
og mynd hennar stöðugt í hjarta hann bar.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Í höfnum var hann hrókur mikils fagnaðar
hann heillaði þar allar stúlkurnar
en aldrei hann meyjarnar augum leit
það átti ekki við hann að rjúfa sín heit.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Loks kom að því, hann vildi halda heim á leið
til hennar sem sat þar og beið og beið
hann hætti til sjós, tók sinn hatt og staf
og heimleiðis sigldi um ólgandi haf.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

En fleyið bar hann aldrei heim að fjarðarströnd.
Hann siglir ei lengur um ókunn lönd.
En María bíður og bíður enn
Hún bíður og vonar hann komi nú senn.

Ó, María mig langar heim.
Ó, María mig langar heim.
Því heima vil ég helst vera.
Ó, María hjá þér.

Óbyggðirnar kalla

Song by: Magnús Eiríksson
Lyrics by: Magnús Eiríksson
ArtistsKK ásamt fleirum.

Hoppa kátur út um dyrnar
við blasir heimurinn.
Himinblár er bláminn.
Himneskur jökullinn.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Bergmál óbyggðanna
svo bjart í höfði mér.
Leiður á öllu og öllum
hundleiður á sjálfum mér.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Hoppa kátur út um gluggann
úr blokk á fyrstu hæð.
Svo siglir sálarduggan
í allri sinni smæð.

Óbyggðirnar kalla og ég verð að gegna þeim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.
Ég veit ekki hvort eða hvernig
eða hvenær ég kemst heim.

Þytur í laufi

Song by: Aldís Ragnarsdóttir
Lyrics by: Tryggvi Þorsteinsson
ArtistsTryggvi Þorsteinsson

Þytur í laufi bálið brennur.
Blærinn hvíslar: "Sofðu rótt."
Hljóður í hafi röðull rennur,
roðnar og býður góða nótt.

Vaka þá ennþá vinir saman
varðeldi hjá í fögrum dal.
Lífið er söngur, glaumur gaman.
Gleðin, hún býr í fjallasal.